



REFA VEIÐAR - veiðimenn óskast

Skaftárhreppur óskar eftir að ráða veiðimenn til grenjavinnslu.

Samkvæmt reglum Skaftárhrepps um refaveiðar er einungis veiðimönnum með samning við sveitarfélagið greitt fyrir refaveiði. Með umsókn skal tilgreina svæði þar sem grenjavinnsla á að fara fram. Ef margir sækja um sama svæði er hægt að skipta svæði á milli manna, einnig er hægt að sækja um hluta svæðis. Ráðnir veiðimenn sjá sér sjálfir um allan búnað til veiðanna og skal hann ekki brjóta í bága við lög og reglugerðir. Kort af veiðisvæðum er hægt að nálgast hjá sveitarstjóra eða á heimasíðu.

Finna má reglur um refaveiði á heimasíðu Skaftárhrepps.

Umsóknarfrestur er til 28. apríl nk.

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast og skila á heimasíðu Skaftárhrepps.

Umsóknum þarf að fylgja staðfesting á því að veiðikort umsækjanda sé í gildi.

Nánari upplýsingar

Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri
í síma 842 5800.